

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 – 2000

30. júní 2000

323

Nr. 115

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 30. júní 2000.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

30. júní 2000

Nr. 116

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Að ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra á grundvelli 37. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum sunnudaginn 2. júlí 2000.

Gjört á Bessastöðum, 30. júní 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.